

## REGLUR um farandsölu í Siglufirði.

### 1. gr.

Öllum er heimilt að stunda farandsölu í Siglufirði, enda fullnægi þeir skilyrðum laga nr. 28/1998 um verslunaratvinnu til að stunda slíka starfsemi og þeim skilyrðum sem sett eru í reglum þessum.

### 2. gr.

Aðili sem vill stunda farandsölu í Siglufirði, skal tilkynna til sveitarfélagsins um komu sína með sannanlegum hætti með minnst 2ja vikna fyrirvara. Í tilkynningunni skal koma fram:

- Nafn, kennitala og vsk númer rekstraraðila.
- Hvaða vörur viðkomandi hyggst selja.
- Hvar í sveitarfélaginu salan muni eiga sér stað.
- Hvenær aðili hyggst halda úti versluninni.

Með tilkynningunni skulu fylgja öll nauðsynleg gögn, þar á meðal staðfesting á skráningu rekstraraðila í firma- eða hlutafélagaskrá, eintak nafnspjalds skv. 2. mgr. 5. gr. laga nr. 28/1998 og upplýsingar um fasta starfsstöð og prókúruhafa. Sveitarstjórn getur látið stöðva farandsölu, komi í ljós að upplýsingar um rekstraraðila standast ekki eða ranglega hefur verið greint frá því við tilkynningu, hvaða vörur selja á.

### 3. gr.

Haldin skal skrá yfir þá aðila sem tilkynnt hafa komu sína með farandsölu. Skráin skal vera opinber og liggja frammi á skrifstofu sveitarfélagsins.

### 4. gr.

Sveitarfélagi er heimilt að synja aðila um leyfi til að stunda farandsölu á ákveðnum almennt viðurkenndum hátíðisdögum, s.s. frídegi verslunarmanna og helstu hátíðisdögum þjóðkirkjunnar. Synjunin skal vera skrifleg og rökstudd.

### 5. gr.

Að öllu jöfnu skulu engar húseignir í eigu eða umsjón Siglufjarðarkaupstaðar leigðar eða lánaðar undir starfsemi, er tengist farandsölu, nema með sérstöku samþykki bæjarráðs.

### 6. gr.

Reglur þessar taka gildi 1. október 2001.

*Siglufirði, 30. september 2001.*

**Guðmundur Guðlaugsson** bærarstjóri.